

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík



Adolf Friðriksson

FS 324-06201



**Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2006**

© Fornleifastofnun Íslands 2006
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is
Kápumyndin er af vörðu GK-103:076

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Fornleifar og framkvæmdir	5
Fornleifaskrá	8
Niðurstöður og samantekt	17
Heimildaskrá	18

Inngangur

Að ósk Hönnunar hf gerði Fornleifastofnun Íslands ses athugun á fornleifum við Helguvík, vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Reiturinn takmarkast við Hellunef og Keflavíkurborg í suðri, þjóðvegi til vesturs, og nær norður að gólfvallarmörkum í Bergvík. Rannsóknin var fólgin í heimildakönnun fyrir svæðið, og var hún gerð 15.-25. maí 2006. Vettvangsrannsókn fór fram dagana 27., 29.-30. maí, og 2., 5.-7. júní 2006. Úrvinnslu verksins lauk í júlí mánuði.

Í þessari skýrslu er að finna skrá yfir þær minjar sem fundust innan framkvæmdareits, fjallað um reglur um verndun minja með hliðsjón af framkvæmdum, umhverfismati og skipulagi, og greint frá árangri rannsóknanna.

Fornleifar og framkvæmdir

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda skv. nýju skipulagi gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og

annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögnum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmda-aðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnir til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara. Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnist þar við jarðrask.



Kort yfir minjar hjá Helguvík.

Fornleifaskrá

Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru skráðar eftir gagnakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Þar eru fornleifar merktar eftir jarðanúmerum frá 1847. Minjar innan reitsins falla undir númerin GK-103 (Stóri-Hólmur í Gerðahreppi) og GK-110 (Keflavík).

Í eftirfarandi skrá er stutt grein fyrir heimildum um byggðasögu jarðanna sem minjarnar eru á, og yfirlit yfir minjar á hvorri jörð. Yfirlitið nær eingöngu til minja sem falla innan skipulagsreitsins.

GK-103 Stóri-Hólmur

1703: jarðadýrleiki óviss, konungseign. Jörðin er innan landnáms Steinunnar gömlu. Samkvæmt Landnámu ætlaði Ingólfur Arnarsson að gefa henni allt Romshvalanes utan Hvassahrauns en hún krafðist þess að fá að gjalda "heklu flekkóttu" fyrir svo að "kaupunum yrði síður rift (ÍF I, 392-394). Landnámuhofundur getur þess ekki hvort eða hvar Steinunn bjó innan landnáms síns. Á jörðina er minnst í Landnámu vegna þess að þar á að vera vermannastöð. Bæjarins er getið um 1270 í Fornbréfasafni. Þar hafa varðveisir nokkur bréf um hvalreka. Í skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi segir: "Jnn primis. Holmvr aa vidreka in j keflavik til motz vid niarvik. ok vt at gnype þeim er verdvr fyrer innann sialfkviar: [sionhending rædvr þadann vr henni ok vt i tyslinga stein." DI II, 76. Í öðru bréfi frá svipuðum tíma er þess getið að Hólmur eigi einn níunda hlut (til móts við Njarðvíkinga) af hvalreka sem sé meira en 11 vættir og hálf vætt og rekur milli Æsubergs og Keflavíkur. DI II, 77. Í Fornbréfasafni er einnig varðveit bréf frá Rúnólfí ábóta í Viðey til Snorra bóna að Hólmi frá um 1270 um hvalreka milli Valagnúpa og Esjubergs. DI II, 80. Í Hítardalsbók er Maríukirkja og hins heilaga Þorláks biskups að Hólmi talinn upp 1367 og á þá kirkjan steindan dúk. DI III, 221. Í Biskupasögum er Árni Jakobsson, lögréttumaður (og afabarn Gísla biskups Jónssonar í Skálholti) sagður búa á Stóra-Hólmi (Biskupasögur, I, 633). 1703 eru sjö hjáleigur, Vesturhús, Ráðagerði, Garðhús og Kötluhóll sem og þrjár nafnlausar. Einnig er Keflavík talin með jörðum Stóra-Hólms en samt ekki talin hjáleiga. JÁM III, 102-106. Í Sýslu- og sóknarlýsingum 1839 eru eftirfarandi hjáleigur taldar upp með bænum: Ráðagerði, Garðhús, Róa, Nýlenda, Bakkakot og hálfbýlið Litlihólmur. (SSL, 158). 1847: Hjáleigur í byggð, Litli Hólmur, Borghús, Nýlenda, Rófa, Garðhús, Ráðagerði. JJ, 89. HÓLMUR Á ROSMHVALANESI (G) -Maríu og Þorláki - HÁLFKIRKJA

[1367]: lxvii. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups ad Holme a Rossmalanese a steindan duk les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 221. 1397: a ij kyr. portio Ecclesiæ v hundrud oc xx oc xij aurar; Máld DI IV 105. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61}

1703: "Túninu grandar sandir og sjáfargángur árlega. Engjar eru öngvar." JÁM III, 102. 1919: Tún 4,1ha, garðar 720m2.



GK-103:061 hleðsla

Í Berghólum, 155 m austan við þjóðveg, Á mel, við vegarslóða. Hleðslan er eru stóru grjóti, sem hefur verið tekið úr klöppunum í kring. Hún er aflöng, liggur A-V, 6 m löng og um 50 sm breið og 50 sm há.

**GK-103:062** tóft

64°02.119N 22°35.671V

Tóftin er í Berghólum, 150 m austan við þjóðveg, og 53 m SSV við hleðslu 061.

Á grónum og þýfðum klapparhól.

Tóftin er merkt "Berghólar". Hún er tvískipt. Norðurhlutinn er nánast hringlaga, um 9 m í þvermál, en til SV gengur áfost, aflöng tóft, 10 m löng ug 5 m breið. Hleðslan er hæst 1 m. Tóftin er grasi gróin og sigin. Inn í hinrgtóftina hefur verið hlaðið óreglulegum grjótvegg. Gólfíð í langtóftinni er fremur slétt, en í miðri hringtóft er stór þúfa eða upphækkun.

**GK-103:063** hleðsla

Hleðslan er 180 m A við þjóðveg, og 60 SSV við tóft 062 í Berghólum.

Blásinn og gróðurlítill melur.

Hleðslan er úr grjóti, mjög ógreinileg, en virðist vera leifar af örblásinni tóft. Hún virðist hafa verið um 12 m löng, en breidd er ógreinileg.

**GK-103:064** varða samgöngubót

Varðan er 220 m A við þjóðveg, og 90 m SA við hleðslu nr 063.

Á hárrí grasi vaxinni klöpp í grýttu og gróðursnauðu holti, við gamlan veg.

Hleðslan er mjög heilleg, 6 umför af meðalstóru grjóti, ferhyrnd, um 1 x 1 m neðst, þar sem hún er breiðust, og um 1,2 m há.

GK-103:065 varða 64°02.143N 22°35.312V

Vörðubrotið er 290 m A við þjóðveg, og 80 m NA við vörðu 064.

Á gróðurlitlum klöppum.

Hleðslan er ekki nema leifar af vörðu, um 1x0,5 m, og 40 sm há.

GK-103:066 tóft 64°02.393N 22°35.182V

Tóftin er um 400 m NV við Ritunýpu, út á kletthól við sjóinn.

Grasi gróinn hóll.

Tóftin er ferhyrnd, um 4 m á hvorn veg, veggir um 50 sm breiðir og 50 sm háir. Rof er í veggina við SA horn tóftarinnar.

GK-103:067 tóft 64°02.391N 22°35.181V

Tóftin er um 300 m NV við Ritunýpu, 5 m sunnan við 066.

Tóftin er á grónum bletti, og liggur við klett.

Tóftin er 4 x 3 m, snýr NV-SA, dyr eru á SA-hlið. Veggir eru um 40 sm háir. Tóftin minnir á stekk.

GK-103:068 hleðsla 64°02.354N 22°34.984V

Hleðslan er um 200 m NV við Ritunýpu, út á sjávarbakka, og um 100 m SA við 066 og 067.

Í grónum bletti í klettum.

Hleðslan er ógreinileg og að mestu hrúnin. Hún er innan í eða við skeifulaga klettabrún. Sjá má votta fyrir veggjarstúf úr grjóti, um 2m löngum, sem liggur frá syðri skeifuenda, til norðurs, með beygju til vesturs (2m) heldur síðan áfram, nokkuð bein, fæina metra til norðurs þannig, að hún kann að hafa verið fyrirhleðsla sem lokaði skeifunni.

GK-103:069 varða 64°02.020N 22°35.318V

Vörðubrotið er á grónum klapparhól, um 410 m austan við þjóðveg, og 220 m SA við 064.

Óljósar leifar af vörðu.

GK-103:070 varða 64°01.956N 22°35.524V

Vörðubrotið er við vegarslóða, 220 m austan við þjóðveg, og 150 m SSA við vörðu 064.



GK-103:071 hleðsla 64°02.073N 22°34.392V

Við austurströnd syðra Leiruvatnsins.

Við vatnsströnd, í móa.

Hleðslan er lítil og ósjáleg, "D"-laga, 2 umför af laushlöðnu grjóti um 2 m á hvorn veg. Beina hliðin snýr í vestur.

**GK-103:072 hleðsla**

Við austur-vatnsbakka nyrðra Leiruvatns.

Í móa við vatn.

Hleðslubrot, laushlaðið grjót, 1 m langur bútur af veggħleðslu, 30 sm há.

64°02.163N 22°34.419V

GK-103:073 hleðsla

Hleðslan er við SA-hornið á nyrðra Leiruvatninu, um 50 m SSA við 072.

Við vatnsbakka, í móa.

Hleðslan er neðarlega í litlum slakka, ógreinileg. Sjá má um 3 m langa steinaröð, um 40 sm breiða og 40 sm háa.

64°02.124N 22°34.365V

**GK-103:074 varða**

Varðan er út við sjávarbrún, um 270 m ASA við vitann á Hellisnýpu.

Varan stendur á berri klöpp, lítil og hlaðin úr fremur smáu grjóti.

GK-103:075 varða

Varðan er við slóða, 250 m austan við þjóðveg, 150 m NA við kirkjugarð, og 30 m norðan við afleggjarann sem liggar frá þjóðvegi austur að Helguvík.

Á grónu grjótholti.

Varðan er hálf hrunin, hún er um 1 m á hvorn veg, og eftir er um 70 sm hár stúfur.




64°01.651

GK-103:076 varða samgöngubót

Varðan er 240 m austan við þjóðveg, 180 m NNV við vörðu 075.

Á grónu grjótholti. Varðan er heilleg, ferhyrnd, 80 sm á hvorn veg, og um 1,5 m há.



Fornleifar á nyrðri hluta skipulagssvæðisins.

GK-110 Keflavík

Ekkert fyrirsvær 1703, konungseign. Keflavík er fyrst talin upp í Rekaskiptabréfi á Rosmhvalanesi um 1270 og á þá Hólmur viðarreka inn í Keflavík. sbr. DI II, 76. Keflavík er talin upp í Fógetareikning 1549-1550. Þar segir: "Jtem mett Kijrckenerueg ij kirckeuleder landskyldt xij wetther fiske ij landskyldt v fiske etc. tog tijsken i Kepleveg." DI XIII, 158. Í Fógetareikning frá 1553 segir: "Jtem opebar iegh aff Hans Smitt aff Hamborigh lygendifis ij Bosande xxx mark Libs." DI XIII, 578. "Og víst er að hingað hafa erlendir kaupmenn sótt um langan aldur, snema á 16. öld er getið um Þjóðverja í Keflavík og einnig er vitað til, að hér hafi enskir verið á ferð. ... Keflavíkurjarðarinnar er fyrst getið í jarðamatsbókum árið 1597 og er eiginleg ábúð hér því ekki gömul. ... Enn fyrr höfðu Hrúðunes og Keflavík byggst úr landi Hólms. BG:Saga Keflavíkur 1766-1890, 11. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Útskálaprestakalls frá 1839 segir: "Þar [í Keflavík] eru 4 kaupmannabúðir; hafa þar á seinni tímum aukizt mjög timburhús, sem má nú telja 16. Eins og í fleiri kaupstöðum eru þar margir þurrabúðarmenn." Sýslu- og Sóknarlýsingar í Landnámi Ingólfss, 157. Í Íslenskum sögustöðum segir: "Kauptúnið Keflavík er austast í hreppnum við sæ sjálfan, þar eru 3-4 kaupmenn og eins og venjulega margir jarðnæðislausir fiskimenn; höfnin er léleg" (KK I. bindi, 23). Í bókinni Suður með sjó segir: "Fátt er vitað um Keflavík á fyrri öldum. Skömmu eftir 1500 er fyrst getið um þýska kaupmenn og alla 16. öldina er þar verslunarstaður, sennilega á Vatnsnesi. Þar er örnefnið Þýskavör. Hamborgarkaupmenn hlutu verslunarleyfi 1579, en er einokunarverslun komst á 1602 fengu Kaupmannahafnarkaupmenn einkaleyfi á allri verslun við Keflavík. Fram á 20. ölf voru íbúar Keflavíkur einkum danskir kaupmenn og skyldulíð þeirra. Fram undir 1800 var staðurinn kostarýrt smábýli en eftir Básendaflóð 1799 hefur Keflavík verið verslunarmiðstöð Rosmhvalaness." segir í Suður með sjó, 71-74 1703: "Engjar öngvar" JÁM III, 106 "Heimaland Keflavíkur er talið naumlega einn kýrvöllur og jörðin á úthaga í betra lagi, en engar engjar. Einnig fylgja henni nokkur hlunnindi ..." Á 18. öld stækkaði Jakobæus tún jarðarinnar um meira en helming. BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11, 43. Lýsing á kaupmönnum í Keflavík á 19. öld er að finna í úttekt Sigurður Br. Sívertssen á Rosmhvalaneshreppi um miðbik 19. aldar (en hann var prestur í Útskálum 1837-1887). Úttektin var útgefin í Árbók Suðurnesja (sjá bls. 102).

GK-110:033 Helguvík þjóðsaga bíli

64°01.290N 22°33.670V

"Helguvík heitir allstór vík fyrir utan Kaggabás. Bergið frá Kaggabás að víkinni er lágt en þverhnípt í sjó fram. Munnmæli herma, Helguvík dragi nafn sitt af konu, er þar bjó með sonum sínum tveim endur fyrir löngu." "Einhverju sinni er þeir bræður voru á sjó og óveður skall á, svo tvísýnt þótti, að þeir næðu landi í helguvík, átti Helga móðir þeirra að hafa mælt svo um, að frá þeirra byggð, er synir þeirra næðu landi, skyldi upp frá því aldrei farast skip, er næði opinni vík. Bræðurnir náðu síðan landi, heilir á háusi, í Keflavík."

Heimildir: RG: "Örnefni á Hólmsbergi", 126

GK-110:089 Stakkur þjóðsaga

64°01.390N 22°33.100V

Þjóðsaga er um hvernig drangurinn Stakkur varð til. Hún birtist í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Er sagan á þá leið að Helgi, sonur ekkjunnar á Melabergi, hefði orðið úti í Geirfulgaskeri um veturskeið en verið bjargað af álfastúlkum. Samkvæmt sögunni barnaði Helgi stúlkuna en baðst svo heimfararleyfi þar sem óyndi sótti að honum. Fékk hann það með því skilyrði að hann myndi skíra barnið ef hún kæmi með það til kirkju. Hét Helgi því en sveik svo. Tók þá Helgi á rás, að Stakksgnípu en þar tútnaði hann út með þeim afleiðingum að bergið sprakk undan fótum hans hljóp þá fram klettur mikill, sem síðan hefur verið kallaður Stakkur. Helgi, sem reyndar tók á sig hvalsíki, stakkst í sjóinn. Var hvalurinn hið mesta illhveli og var kallaður Rauðhöfði og eru til fleiri þjóðsögur um illvirki hans.

Heimildir: Þjóðsögur Jóns Árnasonar I , 82-85

**GK-110:090 tóft stekkur**

64°01.763N 22°33.661V

Tóftin er við lágan klett, um 220 m SV við vitann á Hellisnýpu, og 20 m sunnan við sjávarbakka.
Á klapparholti.

Grjóthleðsla, 7 m löng, um 60 sm breið, með dyr við suðurenda.

**GK-110:091 hleðsla**

64°01.777N 22°33.631V

Við Selvík, um 180 m ASA við vitann á Hellisnýpu, og 35 m NA við 090.

Út á bjargbrúninni er ógreinileg hleðsla um 3 m á hvorn veg. Brúnin er gróðurlaus klöpp, en gróður tollir þar sem tóftin er.

GK-110:092 varða samgöngubót 64°01.464N 22°34.780V
Varðan er 350 m austan við þjóðveg, og 200 m sunnan við afleggjarann frá þjóðvegi að Helguvík.
Mólendi
Varðan er reisuleg, sennilega endurhlaðin eða vel við haldið. Hún er ferhyrnd, um 1m á hvorn veg, og 1,5 m há.

GK-110:093 varða 64°00.832N 22°33.589V
Varðan er um 550 m vestan við Hellunef.
Í mólendi. Lítið, óverulegt vörðubrot.

GK-110:094 varða 64°00.805N 22°33.578V
Varðan er um 550 m vestan við Hellunef.
Í mólendi. Lítið, óverulegt vörðubrot.

GK-110:095 varða 64°00.805N 22°33.567V
Varðan er um 550 m vestan við Hellunef.
Í mólendi. Lítið, óverulegt vörðubrot.



GK-110:096 hleðsla 64°00.778N 22°34.078V
Hleðslan er um 350 m austan við þjóðveg á móts við Keflavíkurborg, og 12 m vestan við vegaslóða,
Hjá gamalli leið, á grýttu holti.
Lítill, nær hringlega hleðsla, lauslega hlaðin, um 1,2 m í þvermál, og 40 sm há.

GK-110:097 hleðsla 64°00.802N 22°34.122V
Hleðslan er um 50 m NNV við 096.
Hjá gamalli leið, á grýttu holti.
Lítill, ferhyrnd hleðsla, um 2,5 m á hvorn veg, 2 umför af lauslega hlöðnu, stóru grjóti, 40 sm há.



GK-110:098 hleðsla 64°00.835N 22°34.166V
Hleðslan er um 60 m NNV við 097. Hjá gamalli leið, á grýttu holti. Lítill hleðsla, um 2 m á hvorn veg, hlaðin úr grjóti.



GK-110:099 varða samgöngubót

64°01.032N 22°34.316V

Varðan er um 450 m austan við þjóðveg, sunnan hringtorgs.

Varðan er tæpur 1 m á hvorn veg, ferhyrnd, um 1 m á hæð. Allt í kring er stórkostlegt jarðrask vinnuvéla.

GK-110:100 varða samgöngubót


Horfin, en sést á loftmynd. Varðan stóð um 120 m SSA við 099.

GK-110:101 varða

64°01.431N 22°33.868V

Varðan er um 530 m vestan við Stakksnef.

Varðan er lítil, og að mestu hrunin. Hún stendur á klettahól, þar sem talsvert rask hefur átt sér stað.



Kort af syðri hluta svæðisins.

Niðurstöður og samantekt

Heimdaathuganir gáfu lítið til kynna varðandi fornleifar á svæðinu, enda er ekki kunnugt um neina byggð þar og staðurinn seint talinn byggilegur.

Kunnugt var um two staði fyrir vettvangsransókn, þ.e. þjóðsögustaðina Helguvík og Stakk. Við vettvangsatnugun komu í ljós 28 fornleifar til viðbótar.

Innan reitsins eru samtals 30 minjastaðir, og skiptast svo: 2 þjóðsögustaðir, 4 tóftir, 10 hleðslur, og 14 vörður. Flestar eru minjarnar í jaðri svæðisins, þ.e. annarsvegar meðfram sjávarströndinni austanmegin, og hinsvegar vestan til, nærri gamla þjóðveginum.

Ekki eru sýnileg nein stór eða umfangsmikil forn mannvirki. Viða á reitnum hefur þegar orðið tölverð uppbygging og mikið jarðrask. Í Helguvík er höfn og mikil námavinnsla. Norðan hafnarinnar eru olíubirgðastöð NATO, og á milli þeirra eru endurvinnslufyrirtæki ofl. Mikil námavinnsla einnig er sunnarlega á reitnum, þ.e. vestan við Kaggabás, og á miðjum reit sunnantil er stórfelld vegagerð og jarðvegsflutningur vegna byggingalóða. Hefur einni myndarlegri vörðu (GK-110-100) sem stóð við gömlu leiðina milli Keflavíkur og Garðs verið nýlega fórnæð við framkvæmdirnar.

Ætla má að unnt verði að draga lóðarmörk fyrir álver með þeim hætti að ekki valdi minjatjóni. Reynist örðugt að nýta lóðina vegna minjanna, sker Fornleifavernd ríkisins úr um hvort heimilað verði að fjarlægja þær að undangenginni rannsókn eða gera aðrar ráðstafanir.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands: Ísleif, gagnasafn um fornleifar.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort 1919.

Örnefnastofnun Íslands:

Örnefnaskrár: Innleira, Stóri Hólmur, Keflavík

Prentaðar heimildir:

BG: Bjarni Guðmarsson, Saga Keflavíkur 1766-1890, Keflavík 1992

Biskupasögur, I.

DI: Diplomatarium Islandicum II, III IV, XIII.

ÍF: Íslensk fornrit I, Rv. 1968.

Jarðabók Johnsens, Kh. 1847.

JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III, Rv. 1980.

Jón Böðvarsson, Suður með sjó, Keflavík 1988.

P.E.K. Kålund, Íslenskir sögustaðir I, Rv. 1984.

RG: Ragnar Guðleifsson, "Örnefni á Hólmsbergi", Faxi 8, XXVII, 1967.

SBS: Sigurður Br. Sívertssen, Samanburður á forntíð og nútíð í Rosmhvalaneshreppi... Árbók Suðurnesja 1986-1987,; 4-5: s. 81-108.

SSL: Sýslu- og sóknarlýsing Útskálaprestakalls 1839. Landnám Ingólfss.